

Þegar styrktarsjóðurinn hefir vaxið svo, að óumflýjanlegt verður að greiða 98
þóknun fyrir hin ýmsu störf í þarfir sjóðsins, svo sem þóknun til gjaldkera, 24. júní
borgun fyrir eldtryggan skáp o. s. frv., skulu útgjöld þau, sem af því leiða fyrir
sjóðinn, liggja undir samþykki sameiginlegs fundar hlutaðeigandi hreppsnefnda.

8. gr.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og einn maður, sem sýslunefndin í sömu
sýslu kys til 3 ára í senn, skulu endurskoða hinn árlega reikning styrktarsjóðsins, og
skal hann kominn þeim í hendur fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert ásamt banka-
viðskiftabók og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum, svo þeir geti fullvissað sig
um, að öll bókfærsla sje í góðu lagi. En athugasemdir endurskoðenda ásamt
svörum stjórnarnefndarinnar liggja undir úrskurð hins íslenska stjórnarráðs, sem
hefir yfirstjórn sjóðsins og sjer um, að skipulagsskránni sje fylgt.

9. gr.

Sjóðurinn tekur að ávaxtast 3. júlí 1918.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Grund, 10. apríl 1918.

Magnús Sigurðsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Hafnarsjóð Borgarness«, útgefin 99
á venjulegan hátt að mandatum af atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 24. júní
24. júní 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Hafnarsjóð Borgarness«.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Hafnarsjóður Borgarness«.

Sjóðurinn er stofnaður af 10 þúsund króna gjöf herra Thor Jensens, kaupmanns í Reykjavík, og frú Þorbjargar Jensen, konu hans. Var fje þetta gefið i tilefni af 50 ára afmæli Borgarness 22. mars 1917. Og enn fremur samskotum frá nokkrum hjeraðsmönnum, sem námu við síðustu árslok (31. desember 1917) 5280 krónum.

3. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af 7 manna nefnd, er nefnist »Hafnarnefnd«. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslunefnd Mýrasýslu kýs 5 menn i hana. Þrir þeirra skulu vera búsettir i Borgarnesi. En sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu kýs 2 mennina. Öðlist Borgarnes síðar kaupstaðarrjettindi og fái sjerstaka bæjarstjórn, þá tilnefnir bæjarstjórnin, en ekki sýslunefnd Mýrasýslu, nefndarmennina þrjá fyrir Borgarnes. Nefnd þessi skal kosin til þriggja ára. Sjálf kýs hún sjer formann og skiftir störfum milli nefndarmanna.

4. gr.

Sjóðurinn skal settur á vöxtu i tryggum sparisjóði eða banka, og skal hann aukinn með vöxtum, gjöfum og tillögum, sem honum kunna að áskotnast.

5. gr.

Pegar stjórn hafnarsjóðsins álitur ástæður fyrir hendi, má hún verja af sjóðnum til hafnargjörðar eða hafnarbóta i Borgarnesi, meira eða minna af fje sjóðsins, þó aldrei meira en svo, að óskertar sjeu síðustu 2000 krónur höfuðstólsins.

6. gr.

Hafnarnefnd semur i janúarmánuði ár hvert reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsius fyrir hvert liðið almanaksár. Skal hann lagður fram til endurskoðunar og samþykta á aðalfundi nefndarinnar 22. mars ár hvert, en sýslunefnd Mýrasýslu leggur fullnaðar úrskurð á hann.

Gjört i Borgarnesi, 22. mars 1918.

Einar Friðgeirsson. Jón Björnsson. Halldór Vilhjálmsson.

David Þorsteinsson. Magnús Jónsson. Þórður Pálsson.

Sigurður B. Runólfsson